

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 17/2018

2019/EES/98/17

frá 9. febrúar 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2001 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja própán-1-ól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2002 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja L(+)-mjólkursýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2003 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja flúdíoxóníl sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9, og 10 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2004 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja 2-metýlísópíasól-3(2H)-ón sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2005 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja dísartréskjarna, kaldpressaða olúu úr hýðislausu frá *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 ⁽⁵⁾.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 20. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1532) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „21. **32017 R 2001:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2001 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja própán-1-ól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 1, 2 og 4 (Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 1).
22. **32017 R 2002:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2002 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja L(+)-mjólkursýru sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 2, 3 og 4 (Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 4).
23. **32017 R 2003:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2003 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja flúdíoxóníl sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 7, 9, og 10 (Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 7).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 1.⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 4.⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 7.⁽⁴⁾ Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 11.⁽⁵⁾ Stjtíð. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 14.

24. **32017 R 2004:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2004 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja 2-metýlísóþíasól-3(2H)-ón sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 (Stjtið. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 11).
25. **32017 R 2005:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2005 frá 8. nóvember 2017 um að samþykkja dísartréskjarna, kaldpressaða olúu úr hýðislausu fræi *Azadirachta indica* sem dregin er út með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 19 (Stjtið. ESB L 290, 9.11.2017, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2017/2001, (ESB) 2017/2002, (ESB) 2017/2003, (ESB) 2017/2004 og (ESB) 2017/2005, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.